

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 28. júlí 2023

Mál nr. S-477/2023:

Ákærvaldið

(Pétur Fannar Gíslason saksóknarfulltrúi)

gegn

Guðmundi Birni Guðnasyni

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 2. júní 2023, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 14. febrúar 2023, á hendur Guðmundi Birni Guðnasyni kt. 000000-0000, [...], [...], „fyrir eftirtalin hegningarlagaþrot:

1. Eignaspjöll með því að hafa, mánudaginn 5. júlí 2021, kýlt í bílstjórahurð bifreiðarinnar [...], á Eiðisgranda, Reykjavík, í námunda við hringtorgið við JL húsið, með þeim afleiðingum að dæld myndaðist.

Mál nr. [...]

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Líkamsárás með því að hafa skömmu eftir atvik í ákærulið 1, veist með ofbeldi að bílstjóra bifreiðarinnar [...], A, kt. 000000-0000, við bensínstöð Orkunnar við Austurströnd, Seltjarnarnesi, hrint henni og slegið til hennar með þeim afleiðingum að A hlaut marblett á vinstri upphandlegg, eymsli við vinstri úlnlið og stífleika í baki.

Mál nr. [...]

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Fyrir hönd B, kt. 000000-0000, gerir Ingi Freyr Ágústsson, lögmaður, þá kröfu að ákærða verði gert að greiða brotþola skaðabætur vegna eignaspjalla að fjárhæð kr. 246.462, með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. júní 2021 þar til mánuður er liðinn frá birtingu ákæru, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Fyrir hönd A, kt. 000000-0000, gerir Ingi Freyr Ágústsson, lögmaður, þá kröfu að ákærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000., með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. júní 2021 þar til mánuður er liðinn frá birtingu ákæru, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Þá er þess krafist að lögmaðurinn verði skipaður réttargæslumaður brotþola, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 88/2008. Verði ekki fallist á skipan réttargæslumanns, þá er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu.“

Ákærði jatar sök samkvæmt ákærulið I og samþykkir þar bótakröfu að fjárhæð 246.462 krónur auk vaxta. Ákærði neitar sök samkvæmt ákærulið II og hafnar bótakröfu.

Málavextir

Í dómi þessum verður að jafnaði vísað til brotþola ákæruliðar II sem brotþola, en brotþoli ákæruliðar I var ekki á vettvangi.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, sem lögregluþjónn 1 ritar undir, barst lögreglutilkynning kl. 15:56 hinn 5. júlí 2021 vegna manns „sem var að ráðast að konu á bensínstöðinni Orkuni við Austurströnd.“ Lögregla fór á vettvang og samkvæmt skýrslunni hitti hún „þolanda sem reyndist vera A“. Er haft eftir brotþola að hún hafi ekið hringtorg við Eiðsgranda þegar ökumaður nánar greindrar bifreiðar hafi næstum ekið í veg fyrir bifreið hennar. Í kjölfarið hafi hún notað „flautuna á bifreið sinni til að vekja athygli á því að hann ók næstum í veg fyrir hana.“ Ökumaðurinn hafi stöðvað bifreið sína, gengið að bifreið brotþola og kýlt í bifreiðina með krepptum hnefa en því næst ekið burt. Brotþoli hafi ekið á eftir og að eldsneytissölu Orkunnar við Austurströnd. Þar hafi „ökumaðurinn [ekið] skyndilega upp við hennar bifreið“ og rokið út og öskrað á hana, „hann tók í hana og hrinti henni í jörðina. Hún sagði einnig að hann hafði slegið til hennar. [...] [Brotþoli] kvaðst ekki vera meidd en fann þó til aðeins í vinstri hendi.“

Í frumskýrslunni segir jafnframt að sama kvöld kl. 20:50 hafi Guðmundur Björn Guðnason, ákærði í málinu, komið á lögreglustöð í Reykjanesbæ og viljað tjá sig um

atvikið. Er höfð eftir bókun sem lögregluþjónn í Reykjanesbæ hafi skráð um framburð ákærða. Er þar haft eftir ákærða að hann hafi ekið í hringtorg á innri akrein og þar hafi verið „svínað“ fyrir hann. Hann hafi tekið fram úr bifreiðinni sem þetta hafi gert og því næst stöðvað sína bifreið „og bifreiðin sem ók í veg fyrir hann stöðvaði einnig.“ Ákærði hefði orðið snöggreiður, gengið að hinni bifreiðinni, kallað ökumanninn „illum nöfnum“ og „kýlt í hurðina á bifreiðinni“. Hann hafi tekið eftir skemmd eftir höggið. Þau hafi ekið aftur á stað og leiðin hafi legið á eldsneytisstöð Orkunnar. Þar hafi þau átt orðaskipti. „Síðan ætlaði hann að aka aftur af stað en ökumaður hinnar bifreiðarinnar hafi hallað sér á bifreiðina og komið í veg fyrir að hann gæti ekið af stað. Hann steig út úr bifreiðinni og reif í aðilann sem hafði hallað sér á bifreiðina hans og ýtt honum frá. Því næst ók hann burt og fór heim til sín í [...]“

Í málinu liggur vottorð C lækni, dags. 8. október 2021. Þar sem segir að brotþoli hafi leitað á læknavaktina í Austurveri 5. júlí 2021 og ástæða komunnar hafi verið „verkur í baki eftir árás af hendi manns sama dag.“ Eftir brotþola er höfð frásögn: „Hún var að keyra í hringtorgi hjá JL húsinu og hún ók á ytri akrein. Maður var akandi á innri akrein sem var á leið að keyra inn í bíl [brotþola] þegar hún flautar á hann. Hann ekur fram fyrir bílinn hennar og stoppar og fer út úr bílnum og öskrar á hana, kýlir í bílstjórahurðina á hennar bíl og fer inn í bílinn sinn og keyrir í burtu. [Brotþoli] sá að það stórsá á bílnum og elti hann að planinu hjá Orkustöðinni á Seltjarnarnesi. Þar stoppar hann og þau fara bæði út úr bílnum. Hún býður honum að gera tjónaskýrslu. Hann ræðst á hana og fleygir henni í götuna og kýlir hana í vinstri handlegg og hefur í hótunum og ýtir henni í jörðina. Vitni voru til staðar og kölluð var til lögregla. Hann flúði af vettvangi áður en lögregla kom og gerð var lögregluskýrsla.“

Í vottorðinu segir að brotþoli hafi kvartað yfir verkjum í mjóbaki, vinstri úlnlið og vinstri upphandlegg. Niðurstaða skoðunar er skráð: „Þriggja cm marblettur á vinstri upphandlegg, eymsli yfir vinstri úlnlið og verkir við pronation og supination af vinstri úlnlið. Við skoðun er hún stíf og stíð í mjóbaki og skert hreyfigeta í öllum plönun. [Brotþola] er augljóslega mjög brugðið eftir þessa árás.“

Með bréfi til lögreglustjóra dags. 2. september 2021 gerði B, eigandi bifreiðarinnar [...], refsikröfu á hendur ákærða vegna þess atviks sem rakið er í ákærulið I.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði sagðist hafa ekið á innri akrein hringtorgs „og hún svínar fyrir mig þannig að ég þarf að keyra upp á eyjuna á hringtorginu og bremsa“. Leið ákærða og brotþola hefði legið samsíða út úr hringtorginu í vestur. Ákærði hefði gefið stefnuljós til merkis um að hann ætlaði að „aka inn á hina akreinina“, en akrein hans „endar með vinstri beygju“. Brotþoli hefði haldið sama hraða og því næst ekið „aftur í veg fyrir“ ákærða, sem hefði þá stöðvað bifreið sína og farið svo aftur fyrir bifreið brotþola og í framhaldinu aukið hraðann, ekið fram fyrir hana, stöðvað þar og gengið út úr bifreiðinni. Þá hefði orðið það atvik sem rakið væri í ákærulið I. Eftir það hefði hvort ekið af stað í sinni bifreið. Ákærði hefði ekið að eldsneytissölu Orkunnar við Austurströnd og þangað hefði brotþoli elt hann og þar orðið „einhver orðaskipti“. Ákærði hefði farið í bifreið sína og reynt að aka brott og brotþoli þá farið fram fyrir bifreiðina „og leggst á hana“ og hindrað hann í að aka brott. Ákærði hefði beðið brotþola að fara en hún neitað. Ákærði hefði þá stigið úr úr bifreiðinni „og ýti henni af húddinu á bílnum, tek hana af bílnum.“ Spurður hvernig hann hefði tekið brotþola af bifreiðinni svaraði ákærði: „Ég bara ýtti henni í burtu, færði hana af húddinu.“ Brotþoli hefði ekki viljað færa sig af bifreiðinni. „Hún bara þrýsti sér lengra á bílinn. Hún vildi ekki að ég kæmist í burtu.“ Aðspurður sagðist hann ekki hafa lyft brotþola upp. Hann hefði tekið utan um hana með báðum höndum, um upphandleggi eftir því sem hann minnti. Hugsanlega væri marblettur á upphandlegg brotþola eftir þetta. Annað sem fjallað væri um í læknisvottorði væri ekki af sínum völdum. Ákærði kvaðst hvorki hafa hrint brotþola né slegið til hennar.

Ákærði sagðist aðspurður hafa verið reiður þegar atvik ákæruliðar I urðu, en ekki verið það lengur þegar hann hefði verið kominn að eldsneytissölunni. Hann hefði ekki misst stjórn á sér.

Ákærði sagði að eftir atvikið hefði verið hringt til sín 28 sinnum úr síma brotþola og meðal annars hafðar í frammi hótanir. Einnig hefði verið hringt til [...] ákærða. Unnusti brotþola hefði hringt til [...] ákærða og hótað ákærða misþyrmingum.

A, brotþoli ákæruliðar II, sagðist hafi ekið á hringtorgi við JL-húsið og verið á ytri hring. Brotþoli hefði beygt úr hringtorginu þar sem leið hefði legið út á Seltjarnarnes „samsíða öðrum bíl, sem er kannski aðeins fyrir framan mig, sem er í innri hringnum. Svo gerir hann sig líklegan til að keyra inn í bílinn minn, þegar hann kominn út úr

hringtorginu út á Nes, hann er á beygjuakreininni inn á Grandavegin og ég flauta á bílinn til þess að láta vita að það sé að verða þarna árekstur.“ Ákærði hefði ekið hratt fram úr bifreið brotþola og numið staðar „og rýkur úr úr bílnum“ og hefði spurt með þjósti hvort brotþoli kynni ekki að nota stefnuljós. Brotþoli hefði bent ákærða á að hann hefði ekið „á beygjuakrein og hann er að koma inn á mína akrein“. Við þetta hefði hann orðið „brjálaður og kýlir í hurðina á bílnum mínum.“ Brotþola hefði brugðið við þetta. „Svo rýkur hann aftur inn í bílinn sinn og keyrir eftir Eiðsgrandanum og út á Nes“ og brotþoli hefði ekið „beint á eftir“ honum. Brotþoli hefði séð að á bifreið sinni væri „risabeygla“ eftir höggið. Ákærði hefði ekið „inn á Orkuplanið“ og brotþoli elt hann þangað „í þeim tilgangi að gera upp þessa beyglu“. Ákærði hefði ekið „inn á mitt planið“ og numið staðar þar og brotþoli stöðvað sína bifreið „á ská fyrir aftan“. Hvort hefði farið úr sinni bifreið og maðurinn hefði haldið áfram að „öskra“ á hana um að hún kynni ekki að aka og haft uppi ýmis ókvæðisorð. Á þessum tíma hefðu þau, að mati brotþola, verið stödd við hlið bifreiðar hennar. Brotþoli hefði spurt hvort hann „ætlaði að bæta beygluna á bílnum, og hann ætlar ekki að gera það.“ Brotþoli hefði þá sagt að hún ætlaði að hringja á lögreglu „og þá svona rífur hann í hendina á mér, rífur í mig, og þá fyrst varð ég mjög hrædd.“ Sími brotþola hefði verið í tösku í aftursæti bifreiðarinnar og brotþoli hefði ætlað að ná í hann til að hringja til lögreglu. „Og hann svona rífur í mig og svona slær til mín og hindrar það að ég komist að ná í símann. Svona rífur mig frá bílnum, það kom svona slinkur á bakið á mér þá og þá fann ég alveg svolítið til. Svo á endanum þá næ ég símanum en hann einhvern veginn svona datt í jörðina og það gafst ekkert svigrúm til þess að hringja í lögregluna á þessum tímapunkti. Og þá heldur hann svona áfram að ýta í mig, ýta mér frá.“ Ákærði hefði öskrað á brotþola og bent „mjög ógnandi“. Brotþoli hefði vakið athygli hans á að margir væru nærstaddir og horfðu á þau. Ákærði hefði við það orðið hræddur, farið í bifreið sína „og bara brunar í burtu“. Brotþoli sagði að „bílarnir okkar sneru í sömu stefnu, svolítið á milli þeirra, og átökin áttu sér stað bílstjóramegin á báðum bílum.“

Brotþoli sagði að ákærði hefði slegið sig með krepptum hnefa í vinstri upphandlegg. Sérstaklega spurð hvort hún myndi þetta vel sagði brotþoli að tvö ár væru liðin frá atvikinu og hún hefði verið í mjög miklu uppnámi, „en já, ég man það vel.“ Nánar spurð um atburðarásina sagðist hún telja að hún hefði átt „sér stað á ská fyrir framan bílinn hans, þar sem hann svona hallaði sér yfir mig og var að öskra svona

ókvæðisorðum á mig.“ Brotapoli sagði að bifreiðastæðið væri mjög stórt og „á engum tímamarki hefði ég getað staðið fyrir bílnum þannig að hann kæmist ekki í burtu.“

Brotapoli sagðist ekki hafa hindrað ákærða í ferðum hans. Sér hefði létt mjög þegar hann hefði farið af vettvangi. Spurð hvort hún hefði legið á vélarhlíf bifreiðar hans svaraði brotapolli að „hann stóð yfir mér og var svona ógnandi og á einhverjum tímamarki þá snerti ég ekki kannski húddið heldur meira svona framhliðina, en það var þegar hann stóð yfir mér, hann ýtti mér þangað og hann stóð yfir mér og var að öskra ókvæðisorð á mig. Ég beygði mig niður. Lagðist ég á húddið? Nei.“

Brotapoli sagðist, spurð um áverka af atvikinu, hafa fengið „tak í bakið [...]“ þegar hann var að rífa mig þarna út úr bílnum þegar ég var að reyna að ná í símann minn, [...] svo var ég með marblett á hendinni eftir hann, hann greip rosalega fast í hendina á mér og tveim dögum seinna þá var bara komið svona handarfar á hendina á mér, það sáust svona puttafór“. Brotapoli hefði um kvöldið farið til læknavaktarinnar. Brotapoli sagði að þetta hefði verið „mjög óþægileg lífsreynsla“ og hún hefði verið í miklu uppnámi. Hún hefði verið á leið í sumarleyfi og það leyfi hefði verið ónýtt. Eftir þetta væri „mjög óþægilegt að keyra bíl“ og notaðist hún fyrst og fremst við strætisvagna eftir atvikið. Hún væri nú „mjög hrædd í umferðinni“.

Brotapoli sagðist hafa kallað lögreglu til og hafa rætt við lögregluþjón á vettvangi. Borið var undir brotapola það sem eftir henni er haft í frumskýrslu, þess efnis „að hann hafði slegið til hennar“. Brotapoli sagði að ákærði hefði slegið sig. Brotapoli sagði að margt í frumskýrslunni væri ónákvæmt. Borið var undir brotapola það sem eftir henni er haft í lögregluskýrslu 22. júlí 2021, þess efnis að ákærði hefði hrint henni og kýlt í upphandlegg með krepptum hnefa. Brotapoli sagði þetta vera rétt og að hún hefði einnig sagt þetta á vettvangi. Ekki væri haft rétt eftir í frumskýrslu.

Brotapoli sagðist ekkert samband hafa haft við ákærða eftir atvikið. Hún sagðist vita til þess að maður sinn hefði haft samband hann.

Vitnið D kvaðst hafa verið í bakaríi „sem er þarna á sama stað og var að keyra þaðan út“ og hafa þá séð karl og konu „standa fyrir utan bíl hjá bensínstöðinni og eins og þau séu eitthvað að rífast og hann er að slá til hennar.“ Vitnið hefði þá hringt til lögreglu. Nánar spurt hvernig ákærði hefði slegið sagði vitnið: „Kannski svona hrint henni bara, bara svona ýtt í hana og hrinti, einhvern veginn svoleiðis.“ Nánar spurt sagði vitnið: „Ýtti, eða sló. Ég sé þetta fyrir mér þannig að þau eru að rífast og hann er svona

ýtir eitthvað í öxlina á henni og kannski aðallega frekar það, hann sló hana ekki utan undir, hann svona ýtti til hennar.“ Vitnið sagði að brotaþoli „færðist til en hún ekki datt ekkert, ekki svoleiðis, hún svona kannski hörfaði.“ Þegar vitnið var nánar spurt sagðist það vera „alveg viss um að ég sá hann ýta í hana, það er bara eitthvað sem ég man alveg ljóst, kannski eina sem ég man alveg eftir þessu að hann ýtir svona í hana, [...] og ég er ekki að tala um að hrinda, bara rétt ýta við henni“. Vitnið sagðist ekki geta svarað hvort þetta hefði verið gert með krepptum hnefa eða flötum lófa.

Vitnið sagði að brotaþoli hefði svarað ákærða með orðum en kvaðst ekki muna eftir að hún hefði gert eitthvað meira en það.

Vitnið sagðist hafa séð atburðarásina úr bifreið sinni og verið í um fimmtán metra fjarlægð, en tók fram að það ætti erfitt með að meta fjarlægð.

Vitnið kvaðst hafa stigið úr bifreið sinni og talað við brotaþola sem hefði sagt sér af málinu. Brotaþoli hefði verið í uppnámi.

Vitnið kvaðst hvorki þekkja ákærða né brotaþola.

Lögregluþjónn 1 sagði lögreglu hafa fengið tilkynningu um átök milli tveggja ökumanna og hafa hitt annan þeirra við eldsneytissölu Orkunnar við Austurströnd. Ökumaðurinn, kona, hefði talað um að maður hefði „svínað á sig, hún hafi þá flautað á hann, hann hafi keyrt í veg fyrir bifreið hennar og rokið síðan út, kýlt í ökumannshurðina og síðan hafi hann ekið í burtu. Hún hafi ekið á bensínstöðina þar sem við hittum hana.“ Þar hafi ökumaðurinn öskrað á hana og „slær hann til hennar og hrindir henni í jörðina“. Vitnið sagði brotaþola hafa verið í uppnámi en vitnið hefði ekki séð áverka á henni.

Vitnið staðfesti frumskýrslu.

Vitnið C læknir sagðist hafa séð við skoðun á brotaþola 3 cm marblett á vinstri handlegg og brotaþoli hafi verið með eymsli yfir vinstri úlnlið. „Hún var stíf og stíð við hreyfingu í mjóbaki og svolítið skert hreyfigeta, þegar hún bæði beygði sig fram og til baka og til hliða.“ Vitnið sagðist hafa séð „að henni var mjög brugðið“. Vitnið sagði að áverkarnir kæmu heim og saman við frásögn brotaþola. Vitnið sagðist ekki geta metið hvort marblettur stafaði af höggi eða því að tekið hefði verið fast um handlegg.

Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Niðurstaða

Ákærði játar sök samkvæmt ákærulið I. Játning hans fær stoð í öðru því sem komið er fram í málinu og þykir engin ástæða til að draga hana í efa. Hann er sannur að sök samkvæmt ákæruliðnum og er háttsemi hans rétt færð til refsíákvæðis í ákærinni.

Að því er varðar ákærulið II er ljóst að mjög skömmu eftir atvik ákæruliðar I voru ákærði og brotþoli bæði komin að eldsneytissölu Orkunnar og þar bar fundum þeirra saman. Ljóst er af framburði beggja að þar skiptust þau á orðum og að minnsta kosti einhverjar ýtingar urðu. Ákærði segir brotþola hafa legið á vélarhlíf bifreiðar hans og þannig hindrað hann í að aka brott, og hafi hann ýtt henni af vélarhlífinni og tekið hana burtu. Brotþoli segir ákærða hafa rifið í sig og slegið til sín. Hann hafi ítrekað ýtt í hana og slegið með krepptum hnefa í upphandlegg.

Með vottorði C læknis og skýrslu læknisins fyrir dómi er sannað í málinu að brotþoli kom fyrir lækninn á þeim tíma sem í vottorði segir og var þá þannig ástatt um brotþola eins og í vottorðinu segir. C kvaðst telja áverka á brotþola koma heim og saman við sögu hennar.

Við vettvang reyndist vera vitni, D, sem fyrir dómi kvaðst þekkja hvorugt, ákærða og brotþola. Hún sagðist hafa séð þau rífast og ákærði hefði ýtt í brotþola og hrint. Brotþoli hefði ekki dottið heldur frekar hörfað undan. Nánar spurð sagði D að hún hefði séð ákærða ýta í brotþola en bætti við „og ég er ekki að tala um að hrinda, bara rétt ýta við henni.“ Framburður D, sem telja verður hlutlaust vitni, skiptir umtalsverðu máli við úrlausn málsins. Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa hrint brotþola og „slegið til hennar“. Þegar horft er á framanrakinn framburður D og það að sannað þykir að brotþoli hafi verið með stífleika í baki við læknisskoðun eftir atburðarásina þykja miklar stoðir hafa verið færðar undir það atriði ákæru að ákærði hafi hrint brotþola með þessum afleiðingum. Þó vitnið D hafi, með þeim hætti sem rakið var, fremur talað um að ákærði hafi ýtt en hrint þykir það ekki breyta þessu. Þá er ekki hægt að horfa fram hjá því við mat á atburðarásinni að mjög skömmu áður hafði ákærði orðið svo snöggreiður brotþola, vegna þess sem hann taldi athugavert við aksturslag hennar, að hann kýldi í bifreið þá sem hún ók, með þeim afleiðingum að talsvert sá á bifreiðinni. Verður að telja þetta vísbendingu um að ákærða hafi verið heitt í hamsi umrætt sinn. Þegar á allt framanritað er horft verður að leggja til grundvallar að ákærði við umrædda eldsneytissölu af ásetningi hrint brotþola og hún af því hlotið stífleika í baki sem skráður er í vottorði læknis.

Á hinn bóginn þykir framburður D fyrir dómi ekki veita því nægan stuðning, gegn neitun ákærða, að hann hafi slegið til brotþola svo sem honum er gefið að sök. Það að hrinda brotþola af ásetningi þannig að hún hlaut stífleika í baki telst líkamsárás sem í ákæruliðnum er réttilega heimfærð til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Ekki þykir hafa verið sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að aðrir áverkar brotþola, marblettur og eymsli við úlnlið, hafi komið af þeirri háttsemi ákærða sem tilgreind er í ákæruliðnum. Verður hann ekki sakfelldur fyrir að hafa valdið þeim.

Ákærði hefur ekki sakaferil sem skiptir máli. Hann játar skýlaust sök samkvæmt fyrri ákærulið og fór á lögreglustöð sama dag og atvikið varð og lýsti sínum þætti í fyrri ákæruliðnum. Atvik málsins urðu í júlí 2021 en ákæra er gefin út í febrúar 2023. Þegar á allt er horft ákveðst refsing ákærða fangelsi í einn mánuð en fullnustu hennar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Ákærði hefur samþykkt bótakröfu samkvæmt ákærulið I. Verður ákærði dæmdur til greiðslu kröfunnar eins og hún er fram sett ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir. Ákærði er bótaskyldur gagnvart brotþola ákæruliðar II. Ekki liggja fyrir gögn um varanlegar afleiðingar atviksins en vitni báru um að brotþoli hefði verið í uppnámi fyrst eftir atvikið. Sjálf lýsti hún afleiðingum atviksins fyrir dómi. Þó brotþolin teljist ekki brotþoli ákæruliðar I verður að hafa í huga að brot ákærða samkvæmt ákærulið II var framið mjög skömmu eftir atvikið sem fjallað er um í ákærulið I, en þar var brotþolin undir stýri þeirrar bifreiðar sem ákærði skemmdi. Verður að telja háttsemi ákærða gagnvart brotþola sem hann er sakfelldur fyrir vera til þess fallna að valda henni miska. Þegar á allt er horft verður ákærði dæmdur til að greiða brotþolanum 400.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærða gert að greiða hvorum brotþola 248.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið litið til skyldu brotþola til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun. Loks verður ákærða gert að greiða að tveimur þriðjuhlutum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, 602.640 krónur með virðisaukaskatti auk 29.688 króna annars sakarkostnaðar, en þriðjung þessa skal ríkissjóður greiða. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákæruvaldsins fór Pétur Fannar Gíslason saksóknarfulltrúi með málið. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Björn Guðnason, sæti fangelsi í einn mánuð. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði B 246.462 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. júlí 2021 til 30. apríl 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 248.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði A 400.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. júlí 2021 til 30. apríl 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 248.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði að tveimur þriðjuhlutum en ríkissjóður að þriðjungi 602.640 króna málsvarnarlaun Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns verjanda ákærða og í sömu hlutföllum 29.688 króna annan sakarkostnað.

Þorsteinn Davíðsson